Málskjöl v. veiðirétt fyrir Kleppslandi o.fl.
Th. Thomsen J. Ritchie. 1862

Aðfnr. 1354, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Papirer & Dokumenter
vedkommende
Sagen mod John Ritchie & Son.
1862.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
1354

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dómur

Gullbringu og Kjósar sýslu héradsréttar
í málinu: Kaupmaður Thomsen í Reykjavík
gegn
John Ritchie & Son.

Eptir að kaupmaður A Thomsen í Reykjavík sem eigandi lax-
veiðarinnar í Elliðaánum í Kjósar og Gullbringu sýslu með fogeta
gjörð 10 Júni þ. á. hafði látið leggja forbod gegn því, að John Rit-
chie & Son frá Peterhead í Skotlandi, eður nokkur annar
hefði veiði, og sérílagi laxveiði fyrir framan Klepps land í Sel-
tjarnarneshreppi í nefndri sýslu, útaf því, að síðarnefndur
maður, í þeim tilgángi að veiða lax, hafði látið leggja nokkur
laxanet framm í fyrir Klepps landi skammt fyrir utan þá
línu, sem, dregin milli Gelgjutánga og Árbæarhöfða, og sem
nákvæmar sjest á Situationskorti því, sem fram hefir verið
lagt í sökinni, afmarkar veiðisvið kaupmanns Thomsens,
þarsem að Thomsen varð að álíta, að slík veiði mundi vera
allsendis eyðileggjandi fyrir Laxveiði hans í Elliðaánum, og
stríðandi gegn þeim rétti, er konúnglegt afsalsbréf frá 1858 (rétt:
1853) heimilar honum til einum – en útilokar aðra – til veiði í
téðum Elliðaám – þá hefir hann stefnt ~~téðum~~ nefndum John Rit-
chie fyrir þenna rétt, til þess að fá áðurnefnt fogetaforbod stað-
fest, og sér tildæmdan málskostnað. Forbod þetta hefir aðal-
stefnandinn þvínæst látið þinglesa á manntalsþingi Seltjarn
arneshrepps 28 Juni s. á. Hinsvegar hefir málafærslumaður
innstefnda, Johns Ritchies & Sons, hér fyrir rétti gagnstefnt
aðalsækjanda til þess, að heyra hið gjörða forbod dæmt ómerkt,
og sér skaðabætur allt að 3000 ríkisdölum, ellegar eptir áliti óvil
hallra manna, samt málskostnað skaðlaust, hvarhjá hann
hefir lagt fram leigu skilmála frá 18 marts þ. á. milli Ritchies og
Klepps eigenda, eptir hverjum Ritchie er heimiluð allskonar
fiskiveiði til sjáfar og laxveiði fyrir Klepps og Laugarness landi
frá Gelgjutánga og fram að Kirkjusandi í 3 ár frá 1 apr 1862
til 1 apr 1865, móti 150 rd árlegu eptirgjaldi.

Meðan á rekstri sakarinnar stóð hefir yfirdóms málafærslu
maður Jón Guðmundsson sín og samegnarmanna jarðarinnar
Klepps vegna komið fram sem Intervenient (aðkomustefn-
andi), eptir að aðalsækjandi sakarinnar, þrátt fyrir áskorun
gagn~~aðal~~sækjanda, hafði skorast undan að kveðja Klepps eigendur í sökina

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa intervenienter þessir sömuleiðis gjört þá réttarkröfu, að fógetaforboðið frá 10 Juni þ. á. yrði dæmt ómerkt, samt að sér yrðu tildæmdar 500 rd. skaðabætur fyrir óskunda og gjaldtrausts glötun (Tort og Credittspilde), auk málskostnaðar.

Að því leyti sem aðalsækjandinn hefir gjört þá réttarkröfu, að Intervenientkæru þeirri, sem fram hefir komið í sökinni, yrði frávísað réttinum, sem ástæðulausri, eða að minnsta kosti óviðkomandi sökinni milli hans og Johns Ritchies, þá virðist réttinum, að Intervenientes þessir, með tilliti til stöðu sinnar sem heimildarmenn, andspænis innstefnda, að hafa haft gilda ástæðu til þess, og sökin verið þá svo umvarðandi, að þeir fyrir þá skuld gengi í málið, hvað eð einnig hefði átt sér stað, ef hinn stefndi, gagnsækjandinn, hefði denunceerað litem fyrir þeim sem heimildarmönnum sínum, sem hann þó sýnist að hafa haft mægar ástæðu til. Þessvegna getur krafan um þá frávísun ekki orðið tekin til greina.

Hvað því næst snertir frávísunarkröfu gagnsækjanda í aðalsökinni, af þeirri ástæðu, að sökin, með tilliti til landslags og afstöðu, undir hverri úrslit málsins virtist að vera komið, ekki væri nóg samlega upplýst, með uppdrætti þeim (Situations Kort), er fram hefir verið lagður til þess að rétturinn eptir téðum uppdrætti gæti gjört sér glögga hugmynd þar að lútandi, og einkum um það, hvar laxanet gagnsækjanda, Jóns Ritchies & Sons, hefði verið lögð, þá virðist réttin um það enga þýðingu hafa, hvort hin umtöluðu net hafa lögð verið fjær eða nær takmörkum þeim, er aðalsækjanda voru heimiluð með afsalsbréfinu frá 1855 (1853), þareð það er viðurkennt að gagnsækjandi hafi lagt hin umspurðu net frammi fyrir Klepps landi, og að það einmitt er rétturinn fyrir Klepps eigendur til að hafa veiðina frammi fyrir Kleppslandi, sem spurningin hér er um; getur þessvegna ekki frávísunarkrafan hér tekist til greina, eins og heldur ekki gagnsækjandans krafa um það, að sökin yrði dæmd að tilkvöddum meðdómsmönnum, því til þessa virðist ekki heldur nokkur ástæða, með því sök þessi snertir ekki þær landamerkjaþrætur m. fl., sem N. L. 1-17 um talar.

Af því, sem fram er komið í sök þessari, er það ljóst, að frá ómunatíð, á meðal annars Rentukammerbréfi frá 20 apr 1749, hefir laxveiði verið höfð í Elliða ám fyrir konungs reikning, með því allar þær jarðir, er lán að ám þessum, nl. Elliðavatn, Vatnsendi, Árbær, Ártún, Bústaðir og Kleppur voru konungsjarðir; árið 1817 seldi konungur jörðina Klepp þáverandi Justitiario í hinum íslenzka yfirdómi, konferenzráði Magnúsi Stephensen, og er afsalsbréfið fyrir henni út gefið 17 sept. 1817; í bréfi þessu segir „at Jorden er solgt med alle de Rettigheder og Herligheder, som fra gammel Tid fulgt have og endnu følge

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og med Rette følge bør", en þar á móti er ekkert minnst á laxveiðina í Elliða-ám; henni var haldið áfram á konungs kostnað, þángað til árið 1828, að hún var seld öðrum á leigu, og segir svo í þar að lútandi skilmálum, er fram hafa verið lagðir í réttinum, § 2: „at Forpagteren maa bruge Lax- og Ørred- samt hvad andet muligt Fiskefangst i Elliðaá med Garn &c, saaledes som forhen er brugt, og især fornemmelig den saa kaldte Sæt ved Gaarden Arbæ, Storahyl kaldet, ligesom og ude i Søen udenfor Aaens Munding, imellem Arbæarhöfði og Helgintangi, paa hvilken Strækning det er forbudt alle andre at fiske paa nogensomhelst Maade", og hin sama veiði „med alle de Rettigheder, som Fiskeriet fra gammel Tid fulgt have og med Rette følge bør", var með konunglegu afsalsbréfi 11 Dec 1833 (rétt: 1853), er einnig hefir verið lagt fram í réttinum, seld kaupmanni D Thomsen í Reykjavík, föður aðalsækjanda, og var einnig lína dregin milli Árbæarhöfða og Helgintánga frammi fyrir árósunum, einsog takmarkalína fyrir veiðirétti kaupandans.

Það verðurt nú leiða af því, sem hér að framan er sagt, að laxveiðin í Elliðaánum sé sameinuð í eina eignarheild, en fráskilin jörðum þeim er að Elliðaánum liggja, er að sönnu ekki, meðan einn og hinn sami var eigandi allra jarðanna, gat sýnt sig, eða komið í ljós sem nokkuð sérstaklegt fyrir sig, heldur þá fyrst, þegar jarðir þær, er áður voru nefndar, komu í ýmsra manna eign, einsog t. a. m. 1817, þegar jörðin Kleppur var seld, og varð einstaks manns eign; en þareð nú laxveiðin helzt við sem áður, og samkvæmt leiguskilmálunum frá 1828 „saaledes som hidtil haver været brugt," og ennfremur samkvæmt afsalsbréfinu til föður aðalsækjanda frá 1853., með því allur sá réttur, er téðri veiði hefði að fornu fylgt, var henni áskilinn, þá verður einnig þar með að vera gefið til kynna, að hið sama ástand með tilliti til veiðiréttar fyrir landi hinna fyrrverandi konúngsjarða, skyldi haldast einsog áður hefði verið, það er að skilja, að veiðiréttur sá, er að öðru leyti samkvæmt landslögum fylgdi jörðum þessum, mátti álítast afsalaður til hagsmuna fyrir laxveiði þá, sem lengi hafði átt sér stað í Elliðaánum, svo að jarðir þessar máttu ekki eptir því eiga neina þá fiskiveiði, er laxveiðinni gat orðið til skaða

Þegar þar næst er virtur fyrir sér afstöðu uppdráttur sá, er fram hefir verið lagður – og hefir gagnsækjandinum ekki mótmælt því að hann væri réttur – þá liggur það án alls efa í augum uppi, að laxveiðin frammi fyrir Kleppslandi, og það þar á ofan með þeim veiðarfærum, sem viðurkennt er að gagnsækjandi hafi brúkað, hlýtur að vera skaðleg, ef ekki eyðileggjandi fyrir laxveiðina í Elliðaánum, og um það atriði hefir heldur enginn ágreiningur orðið í sök þessari, og að öðru leyti bera vitnisburðir þeir, er gefnir voru undir rekstri sakarinnar, það með sér, eins og líka aðalsækjandi til sönnunar kröfu sinni hefir lagt fram álitsskrá frá einu ensku fiskifélagi, er það hafði gefið ensku stjórninni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem segir, að net, sem lagt er frammi fyrir árósum, alveg eyðileggi laxveiði í ánni, sömuleiðis útskript af reikningsbók sinni yfir laxveiðina í Elliða ám fyrir ár 1862, hver reikningsbók að öðru leyti ekki er staðfest. Þessvegna virðist það næsta ólíklegt, að stjórnin, er hún seldi Klepp árið 1817, skyldi hafa selt hann með þeim réttindum, sem skaðað gátu laxveiðina í Elliðaánum, er í þá tíð, og lengi þar á eptir var höfð fyrir konunglegan reikning, einsog það hinsvegar ekki er sannað, að slík veiði af eigendum Klepps hafi verið höfð þar fyrir landi.

Að sönnu sjest af álitsskjali stiptamtsins frá 20 aug 1829, er fram hefir verið lagt í sökinni, hvert álit stiptamtið hafði sent hinu konúnglega Rentukammeri, og sem til var orðið af því, að konferenzráð Stephensen, er þá átti Klepp, hafði kvartað yfir skilmálum þeim, er laxveiðin í Elliða ám hafði verið leigð eptir árið 1828, að því leyti sem téðir skilmálar heimiluðu þeim, er laxveiðina hafði tekið til leigu, að veiða frammi fyrir árósnum út að Árbæarhöfða og Gelgjutánga, en Stephensen sagði, að Kleppsland næði inn fyrir Gelgjutánga, inn að Murtulæk, sem á uppdrættinum sjest, en af áðurnefndu álitsskjali stiptamtsins lýsir það sér, að stiptamtið með tilliti til Kleppslands fiskiveiðar, andspænis rétti þeim, er heimilar laxveiðina í Elliðaám, álítur það gjöra hvorki frá né til, hvert Kleppur á að Gelgjutánga, eða innfyrir hann allt til Murtulækjar, og hið sama álit, og það ennþá skýrara, kemur fram í dómi hins íslendska landsyfirréttar frá 5ta Dec 1859, í hverjum dómi er álitið, að hvert sem Kleppsland nær að, eða innfyrir, Gelgjutánga, þá megi eigendur Klepps ekki nú, heldur enn áður, gjöra nokkuð það, er skaðað géti laxveiðina í Elliða-ánum, þareð veiði sú sé aðnjótandi allra hinna sömu réttinda, sem hún var, þegar konúngur var eigandi hennar.

Jafnvel þó málefni það, er nefndur yfirréttardómur útkljáði, sé ekki hið sama sem sök sú, er hér liggur fyrir, þareð hann einúngis leysir úr því, að hve miklu leyti Klepps landi tilheyri nokkur veiðiréttur fyrir innan Gelgjutánga, án þess tillit sé haft til þess, hvert Kleppsland nær innfyrir Gelgjutánga eður ekki, þá virðist þó það að vera gefið til kynna, að yfirrétturinn áleit að fiskiréttur inn yfir höfuð ekki væri sameinaður löðinni þannig, að hann yrði til skaða fyrir laxveiðina.

Af því, sem að framan hefir verið sagt, leiðir, að rétturinn fær ekki betur sjeð, en að þann skilning verði að leggja í hið konúngl. afsalsbréf fyrir Kleppi frá 1817, að það komi ekki í stríð við réttindi þau, er laxveiðinni í Elliða-ánum hafa verið veitt, sem einkum leiðir af leiguskilmálum fyrir laxveiðinni frá 1828, og konúngl. afsalsbréfi frá 1853, því þó þau sé yngri enn afsalsbréfið fyrir Kleppi, þá bera þau þess órækan vott að þau einmidt staðfesta réttindi þau, er laxveiðin í Elliða-ám hafði notið frá gömlum tímum, og hlýtur rétturinn því að fallast á þá skoðun aðalsækjanda, að Kleppsjörðu fylgi enginn réttur til fiskveiða framundan sínu landi, er skaðað geti laxveiðina í Elliða-ám, og leiðir þar af, að hið gjörða fógetaforboð hlýtur gildi að metast; málskostnaður þará móti álízt eptir kringumstæðum eiga niður að falla. Því dæmist rétt að vera:

Hið gjörða fógetaforboð á óraskað að standa; málskostnaður falli niður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Edinburgh 11th Aug. 1862

Mr. H. J. Thomsen

Dear Sir

I have received your note, which I must answer at once, to catch the Steamer, which this time, I find, sails from Liverpool. My friend Mr. Sinclair, Writer to the Signet, from whom I expected the letter you want, is still from home, but expected tomorrow, which I hope will yet enable me to write you again by this trip of the "Arcturus". That the Salmon goes along the Coast in search of, & for the purpose of entering the rivers is a fact, so well established, & so universally known, that the certificate of any one man to that effect, would serve rather to do damage to an established fact.

I have been five weeks absent from home myself, which has prevented me looking out for written authorities, which after all are the best testimony – these will not be forgotten –

Yours very truly

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Edinburgh 11th Aug 1862

Mr. H. A. Thomsen

Dear Sir I have received your note, which I must answer at once to catch the Steamer which this time I find sails from Liverpool - My friend Mr Sinclair wrote to the

+ returning them to the river

Signet, from whom I expected the letter you want, is still from home but expected tomorrow, which I hope will yet enable me to write you again by this trip of the Arcturus - That the Salmon are along the coast in search of food the purpose of re-turning the rivers is a fact so well established so universally known that the certificate of any one person to that effect would serve rather to do damage to an established fact.

I have been five weeks absent from home myself, which has prevented me looking out for written authorities which after all are the best testimony - these will not be forgotten -

Yours very truly

[signature]

To my regret my friend
is not returned
If you will catch some of
your own young trout
and fasten a little bit of
silver wire to one of the fins
so as to mark them you will
find these fish come back
to your river from the sea
increased enormously in
weight in one year
By these means our Salmon
proprietors have learnt
the habits of this fish
returning always to their
own rivers – where two rivers
are nearly close together –
the wire has no mark so
as to distinguish each year
fish – my next will bring
you some further news –

R.M.S

Mr H. I Thomsen
Merchant

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sókn

í málinu: Kaupmaður H. Th. A. Thomsen

gegn:

Kaupmanni John Ritchie & Son
frá Peterhead í Skotlandi.

Frá ómunatíð hafa jarðir þær, er lönd eiga að hinum svo nefndu Elliðaám, verið konungseign, uns þær á fyrri hluta þessarar aldar gengu yfir í eigu prívatmanna; jarðir þær sem hér eru meintar, eru: Elliðavatn (Vatnsendi?) Árbær, Ártun, Bústaðir og Kleppur, að því leyti land síðastnefndrar jarðar væntanlega liggur uppað Bústaðalandi. Sú eina jörð, er land á að Elliðaám, og ekki hefir verið konungseign, er Kirkju- eða réttara: Reykjavíkur dómkirkjukalls jörðin, Breiðholt, og veit eg þó ógjörla landamerki hennar, nema að sögn annara. Á meðan konúngur var eigandi fyrrtéðra jarða, hafði hann þær ávallt í byggingu landsmanna, en áskildi sér einum samt laxveiði alla í Elliða-ám, og það með þeim hætti, að hann lét leggja laxakistur í ána, eða þvergirða hana, svo að fiskinum þarmeð var bægt frá, að ganga uppeptir henni, og leikur orð á, að yfir því hafi verið kvartað á fyrri hluta 18du aldar, að leigumenn konungs höfðu slíka veiði-aðferð í frammi, en lítið mun hafa útaf því komið, því leigumenn konungs hafa allt fram á vora daga haldið hinni sömu veiði aðferð. Eins mun það hafa verið, að jörðum þeim sem lágu með sjó út fyrir framan Elliða-ár beggja megin, Kleppi að vestan og Viðey (þó ekki sé landföst) að austan, hafi verið fyrirmunuð laxveiði í sjónum fyrir löndum þeirra, því það hefir aldrei heyrzt, að þessar jarðir hafi tíðkað þvílíka veiði, og þó kvað sérstaklega Viðey, meðan hún hélt réttindum sínum sem klaustur, eptir máldögum hafa átt fjórðung laxveiði í Elliða-ám, en hvað jörðina Klepp aptur á móti snertir þá hefir konúngur afsalað sér henni tilhanda konferenzráði sál. M. Stephensen þann 17 sept 1817, og fer í því afsalsbréfi þeim almennu orðatiltækjum um söluna, „að jörðin afhendist með öllum þeim réttindum og hlunnindum, sem henni frá forntíð fylgt hafi, enn fylgi og með réttu fylgja egi, einsog

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hérmeð fylgjandi staðfest afskript [N1] af þessu allrahæsta afsals bréfi sýnir. Nú vita það allir, að af kaupanda Klepps hefir aldrei verið gjörð nokkur tilraun til laxveiðar fyrir landi jarðarinnar, en þar á móti mun hann árið 1828 hafa kreist mótmælum um það, að leigumaður laxveiðinnar í Elliðaám mætti samkvæmt uppboðs-leiguskilmálum af 28 Júlí það ár fyrirmuna öllum öðrum laxveiði frá árósnum út að Árbæarhöfða og Gelgjutanga, einsog ávallt hafði áður verið, og næst á undan tilfekið í uppboð-leiguskilmálum af 27 April 1816; en kaupandi féll frá kærumáli sínu heraðlútandi, eptir að það mál hafði gengið til hins fyrrveranda rentukammers haustið 1828, og þetta Collegíum hafði skrifast á við stiptamtmanninn yfir Íslandi þarum, og þessi embættismaður ásamt sýslumanninum í Gullbríngu sýslu hafði kveðið upp álit sitt og meiningu um kærumál Kleppseiganda. Afskriftir af uppboðs-leiguskilmálunum af 4 Júlí 1828 og af álitsskjölum beggja seinastnefndra embættismanna af 22 og 26 Aug 1829 fylgja hérmeð N2–4. Eptir þetta hefir aldrei verið kreist neinum mótmælum um veiðirétt réttra hlutaðeigenda eður leigumanna (Forpagters) konungs að laxveiðinni í Elliða-ám, og eigi heldur hefir, fremur enn áður frá ómunatíð, verið síðan gjörð nokkur tilraun til laxveiðar fyrir Klepps landi, eigi einusinni eptir það, að laxveiðin í Elliðaám varð privatmanns eign með konúnglegu afsalsbréfi af 11 December 1853 [N5]. Er þetta allrahæsta afsalsbréf stýlað orði til orðs, einsog uppboðs-leiguskilmálarnir ávallt áður höfðu hljóðað, er það afhendir laxveiðina í Elliða-ám „frá Stórahyl allt ~~að~~ út í sjó út fyrir árósinn að línunni milli Árbæarhöfða og Gelgjutánga“, með tilheyrandi veiðarfærum, og <u>öllum þeim réttindum, sem veiðinni frá forntíð fylgt hafa enn fylgja og fylgja eiga að réttu</u>. Fyrst árið 1858 ætluðu Kleppseigendur að reita eptir kræklíngi á svæðinu milli Áróssins og Gelgjutánga, með því þeir þóttust eiga land þarað, og töldu því kræklínginn

eign sína sem „landsnytjar“, en réttirnir munu þá hafa skilið þessa náttúrusögulegu spurníngu öðruvísi enn þeir. Þess verður að geta, að þeir hafa afsalsbréf fyrir jörðu þessari frá 9. Mai 1857, og fer það sölubréf feti framur, enn hið áður umgetna konúnglega afsalsbréf af 17 Sept. 1817, þar sem það afhendir jörðina með öllum gögnum og gæðum til sjós og lands (afskrift No 6). Í trausti þessa afsalsbréfs hafa nú Kleppseigendur í vor leigt Jóni kaupmanni Ritchie og syni hans frá Peterhead í Skotlandi laxveiðina í sjónum fyrir Kleppslandi; en með því eg hlaut, og enn hlýt, að álíta, að slík veiði, sem framin er með netakvíum, rétt fyrir utan takmörk veiðiréttar míns í Elliða-ám, gjöreyði fyrir mér veiðinni í þessu veiðivatni, hefi eg leitað aðstoðar fógetans til þess að fyrirbjóða bæði téðum Jóni Ritchie og sérhverjum öðrum slíka veiði fyrir Kleppslandi, og er það forboð birt þann 10. f. m., eins og einnig á manntalsþinginu fyrir Seltjarnarness hrepp þann þ. m. (Fylgiskjal No 7). Þetta forboð er nú það, er hér skal til dóms framfylgja. –

Af því er að framan er útlistað, viðvíkjandi ástandi Kleppsjarðar gagnvart leigumönnum konúngs að laxveiðinni í Elliða-ám, eður konúngi sjálfum sem notanda hennar og Repræsentanti opinberra eigna, er það nú fyrst og fremst ljóst, að konúngur, eða embættisvald hans hans vegna, átti fullan rétt á því, að áskilja sér sjálfum sérhvör sem helst hlynnindi sinna egin eigna, eður eigna hins opinbera, og að útiloka landseta sína frá þeim hlynnindum, er hann áskildi sér, að nokkru eða öllu leyti, eptir því sem honum sjálfum þóknaðist, og þetta er einnig factisk viðurkennt af þeim, sem um alla undanfarna tíð hafa verið landsetar konungs á þeim jörðum, er land eiga að Elliða-ám báðumeginn, eins og það er alveg leyfilegt in genere eptir NL 5-1-2 og in specie eptir 3-14-27. Enn hafi konungur þannig haft heimild til, að áskilja sér laxveiðina í Elliða-ám, eins og hann factisk hefir gjört,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og enn fremur er ljóst af áður tilvitnuðu skjali (N 2 hérmeð) þá hafði hann og einnig fulla heimild til, að selja jarðir þær, er hann byggði á þenna hátt, með hinu sama skilyrði og undantekningu; því að þvílíkur kaupgjörníngur eða kaupin sjálf stríða eins lítið gegn lögum og góðri siðsemi, eins og hinn umtalaði leigumáli, þar sem þau eru byggð á frjálsum samningi meðal tveggja fullveðja semjenda. Þannig er laxveiðin í Elliða-ám að lögum komin frá þeim jörðum, er land eiga að þeim, með því kaupendur hafa gengið að kaupunum í ljósri meðvitund um og þekkíng á því, að konungur hafði fyrir æfilaungu áskilið sér, og var í framhaldandi nautn þessara hlynninda. Og þar sem nú jörðin Kleppur þannig er seld, það er að segja, með þeim réttindum og hlynnindum, sem henni frá forntíð fylgt hafa, fylgja eiga með réttu, og enn fylgja (sjá afsalsbréf konúngs af 17 Sept 1817), og það enn fremur er víst, að Klepps ábúandi og fyrsti privat-eigandi ávallt hafa skilið stöðu sína svo, sem þeim ekki væri heimil laxveiði fyrir landi jarðarinnar þar sem það er factiskt, að hún aldrei hefir verið þar tíðkuð, eða af þeim notuð, þá virðist ekki þörf á, að eyða orðum að því, hvert hinir núverandi eigendur Klepps með nokkrum minnsta rétti geta notað laxveiði fyrir landi jarðarinnar eða selt hana öðrum á leigu, eða skotið til heimildar fyrir slíkum notum í afsalsbréfi þeirra (N 5). þó það í almennum orðatiltækjum heimili þeim gögn og gæði jarðarinnar til <u>sjós</u> og <u>lands</u>. Það er ekki til neins að fara hér úti orðaklofníngu, eða að ætla sér að leiða rök að því hvað hin almennu orðatiltæki: „réttindi og hlunnindi til lands og sjáfar" þýða, hitt er meira vert: „hvað jörðinni <u>fylgt hefir</u> og <u>fylgja ber</u>", og þá verður að halda sér til hinnar factisku hliðar málsins, sem að framan er útlistuð, þeirrar nefnilega að það hefir aldrei verið meining konungsins sem seldi, né konferenzráð Stephensens, sem keypti jörðina Klepp ~~1816~~ 1817, að nokkur laxveiði væri með undirskilin í kaupinu; þetta hlýtur að vera hverjum þeim ljóst, sem þekkir allar þær kríngumstæður, er átt hafa sér stað með laxveiðina í Elliða-ám, ekki einúngis í núlifandi manna minni, heldur og fyrir meira enn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100 árum síðan (sjá rentukammerbréf 26 apr 1749. Lovsamling for Island III blo. 10). Þegar allt þetta er vandlega athugað, þá virðist það ljóst, að Klepps eigendur, eða hver annar, sem nota vill laxveiði fyrir landi þessarar jarðar, án leyfis þess manns, er veiðina á í Elliðaám, verði að sanna rétt sinn og heimild til þess með öðru, enn almennum reglum landslaganna.

Það væri heldur ekki neitt óviðvanalegt hér á landi, þótt laxveiðin í Elliða-ám útilokaði alla aðra, sem lönd eiga að þeim, eins fram með sjónum út frá þeim, einkum að vestanverðu, frá sömu veiði fyrir þeirra landi, því það er kunnugra, enn frá þurfi að segja, hversu mörg hlunnindi, annaðhvert að nokkru eða öllu leyti, eru orðin viðskila við jarðir þær, er þau hafa upprunalega fylgt, án þess að nokkur géti gert grein fyrir eða sannað, á hvern hátt slík hlunnindi (ítök, servitus) eru orðin annarleg eign, þvert á móti því sem landslögin segja um réttindi jarðanna, og þó dettur engum heilvita manni í hug að vefengja réttindi þeirra, er nú eru in possessione, til þvílíkra ítaka og hlunninda, hvert sem heldur eru jarðir privatmanna, eða opinberar stofnanir, kirkjur, klaustur &c. En eins og þess háttar ítök einnig sýnast að liggja í beru stríði við landslögin opt og tíðum, svo er það auðvelt, að þeir sem vildu nota sér þau til að ná aptur slíkum hlunnindum undir jarðir þær, er þau upprunalega hafa fylgt, mundu hljóta að sanna að þau væri í upphafi óréttilega undan jörðunum gengin, og brúkuninni síðan með ólögum framhaldið, ef þeim skyldi ná aptur. Þannig sýnist mér vera eins varið með þá, sem þvert á móti því, er viðhefir gengist frá ómunatíð, vilja taka upp laxveiðar rétt fyrir utan þau takmörk að vestanverðu, sem einnig um ómunatíð hafa verið tiltekin fyrir laxveiðinni í Elliðaám, og það því fremur, sem landareign þeirra enn mun vera óconstaterud. Kaupmaður John Ritchie & Son hafa, eins og eg mun geta sannað, ef því verður móti mælt, lagt út netkvíar sínar að eins örfáa faðma fyrir utan ofangreinda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkjalínu milli Árbæarhöfða og Gelgjutánga, og hlýtur slíkur veiðiskapur að gjöreyða allri laxveiði í Elliða ám. Nú hefir velnefndur Ritchie ekki gjört neina grein fyrir því, hverja heimild hann hefir til að veiða lax fyrir Klepps landi, og hlýtur hann því sem útlendíngur, er enga veiði á hér við land, að álítast heimildarlaus fyrir þeirri veiði uns hann sýnir heimildir sínar; en af þess um heimildar skorti hans leiðir, að þessi málssókn hlýtur að beinast að honum eingaungu, og að hann verður að eiga við sinn heimildarmann, ef nokkur er, um þann halla, er hann máske kann að hafa liðið við það, að heimildarmaðurinn hefir selt honum það, er hann eigi átti. Að slík laxveiði sem mótparturinn hefir framið, fyrir því landi, sem ekki einusinni er sannað að vera eign jarðarinnar Klepps, hljóti að gjöreyða veiðinni í Elliðaám, hefir reynslan þegar sýnt, því á meðan hann veiddi þar - eg ætla 16 laxa fékk eg einúngis einn í Elliða-ám, og líka mun eg seinna geta sannað það með vitnisburðum bæði hérlendra og erlendra manna, sem þekkja til laxveiða, að veiðin í Elliða-ám getur ekki staðist með hinni fyrirælluðu veiði mótpartsins, einsog hann hagaði henni. Það er nefnilega eptir lands laginu engum efa bundið, að straumurinn úr Elliða-ám leitar út Viðeyar sund, og sérílagi út með vestur landinu hvar djúpið í sundinu er mest. Nú er það alkunnugt, að laxinn leitar eptir fersku vatni, og fylgir því meirihluti laxgaungunnar ferska vatns straumnum inn með vesturlandinu; en þegar netkvíarnar liggja þar hver upp af annari 60 til 80 faðma lángt út í sundið, þá er það auðsælt að fiskurinn annaðhvort hlýtur að veiðast í þeim, ellegar hann beygir af leið sinni útfyrir netakvíarnar og fær stefnu inn í Grafarvog, svoað það verður af tilviljun einni, ef nokkur fiskur nær Elliða-ám.

Eg hefi að framan gengið út frá því, að bæði konungur, meðan hann var eigandi allra jarða beggja vegna við Elliða ár, hafi áskilið sér einum alla laxveiði, ekki einúngis í ánum sjálfum, heldur og fyrir útan takmörk þau, sem til eru tekin í leigusölu skilmálunum af 4 Júli 1828 (sjá fylgi-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skjal N 2), og að landsetar hans hafi einnig vitað af, að svo var, og hafi þeir því aldrei um ómuna tíð leyft sér neina lax-veiði á því svæði, sem forboðið miðar nú til að vernda fyrir þesskáttar veiðiskap. Eg býst við þeirri fyrirbáru gegn þessu að menn aldrei að undanförnu, og síst útlendir menn hafi tíðkað laxveiði á þann hátt, sem nú er farinn að viðgángast, og þess vegna hafi ekki Klepps ábúendur, né síðar eigendur notað laxveiði fyrir landi jarðarinnar í Viðeyar sundi. Eg skal þess vegna til upplýsingar um, að slík mótbára ekki er á föstum grundvelli byggð, geta þess, að áður tilvitnað rentu kammerbréf af 26 Apríl 1749 telur laxveiðina í Elliða-ám hafa gengið fyrir reikning konungsins meir enn um hefðar tíma, það er að segja, meir enn 100 ár fyrir 1749, og mun þetta satt vera, því þann 24 Janúar 1648 gefur Christján kon-ungur 4di Marteini Thanke, Hansi Nansen borgmeistara, Markúsi Raadebandt og Johanni Momm í Rotterdam, eptir beiðni þeirra þarum, leyfi til að veiða lax hér við Suðurland, ekki í Viðeyarsundi né í Grafarvogi, hvar hann þá (Kon-úngurinn) átti veiðina sjálfur, heldur í Hvítárósi í Borgarfirði, þar sem hann ekkert átti með hana (M. Ket. 2 bls 472). Þetta virðist mér vera greinilegur vottur þess, að laxveiðin í Elliða ám hefir ávallt verið framin með útilokandi rétti þannig, að enginn hefir mátt veiða í sjónum fyrir framan þá tilteknu merkjalínu, eða fyrir Klepps landi úti í Viðeyar sundi, og með hinum sömu réttindum er lax-veiðin í Elliða ám einnig seld þann 11ta Dec 1853 („med de Rettigheder, som Sælgeren fra gammel Tid fulgt haver andre fölge, og med Alts fölge bör"); það var líka öldúng-is í eðli sínu, að konúngur, meðan hann hélt veiðinni sjálf-ur og fyrir sinn eiginn reikning, vildi ekki láta spilla henni fyrir sér, hverki af landsetum sínum, né af öðrum óviðkom-andi, og þetta hefir einnig, eins og á er drepið að framan, vakað í meðvitund allra konúngslandseta á Kleppi frá elztu tíð laxveiðinnar í Elliða-ám fyrir reikning konungs, og svo einnig hjá hinum fyrstu privat-eigendum að jörð-unni. Hafi því hinir nú verandi Klepps eigendur leyft mót-partinum laxveiði fyrir Klepps landi, þá virðist mér ekki verða sagt að þeir að öllu leyti hafi gjört það bona fide, þar sem þeim eru allar framantaldar kríngumstæður og málavextir fullkunnugir, en það verður sök milli mótpartsins og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra, og kemur mér að svokomnu ekki við.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Harald Clausen

Sýslumaður og héraðsdómari í Kjósar- og Gullbríngusýslu

Gjöri vitanlegt: að yfirdóms málaflutningsmaður Jón Guðmundsson í Reykjavík, bæði fyrir hönd sjálfs sín og annara sameigenda hans að jörðunum Laugarnesi og Kleppi, eptir umboði þeirra, hefir tjáð mér, að þeir sameigendur hafi ekki að eins fundið sig til þess knúða, sem intervenientes accessorii, að gánga í mál það, sem kaupmaður H. Th. A. Thomsen hefir höfðað á hendur þeim John Ritchie & Son frá Peterhead á Skotlandi, til þess að ná staðfestingu með dómi á það fógeta lögbann, er Thomsen hafði fram yfir þeim Ritchie 10 júní þ.á., gegn sérhverri veiði fyrir landi jarðarinnar Klepps (en lax- og fiskiveiðina fyrir norðurhluta landsins, allt suður að svo nefndum Gelgjutánga, höfðu sameigendurnir meðal annars leigt þeim Ritchie um 3 ára tíma, að þessu ári meðtöldu, með leigusamningi 18 marz þ.á.,) svo að sameigendurnir megi leggjast á eitt með þeim Ritchie til þess að ónýta þetta lögbann en vernda fiskiveiðirétt jarðarinnar, sem þeim er þannig meinað að nota, heldur einnig til þess að höfða gagnsakir á hendur kaupmanni Thomsen til fullra skaðabóta í sérhverju tilliti fyrir það að hann hefði viljað og með pólitirjettar 15. f.m., haft fram að lögbannið 10 júní þ.á. skyldi einnig ná til sameigendanna sjálfra, og mega meina þeim fiskiveiðina fyrir sínu landi norður eptir frá Gelgjutánga, þrátt fyrir það þó að hann hafi ekki framfylgt lögbanninu jafnframt gegn þeim á neinn þann hátt sem lögin gjöra að skilyrði fyrir hverju lögbanni ef það skal bindandi vera annan mann. Hafa sameigendurnir lagt skaðabótamál

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta til sætta að lögum, en því er nú vísað frá sættanefnd til lands laga og rèttar

Fyrir því stefni eg nú með þessari interventions- og gagnstefnu, samkvæmt N. L. 1-4-7, fram fyrir aukahèraðsrètt Gullbríngusýslu á þíngstað jarðeignarinnar sem sem hèr ræðir um í þíng-húsi Seltjarnarneshrepps í Reykjavík, þriðjudaginn 12 dag ágústm. 1862 kl. 12. á hádegi, forbjóðanda og aðalsækjanda þessa máls, borgara og kaupmanni H. Th. A. Thomsen í Reykjavíkurkaupstað, til þess að sjá sameigendur jarðarinnar Laugarness og Klepps gánga í málið með hinum stefndu, John Ritchie & Son, sem intervenientes accessorii svo þeir fái verndarskildi uppi haldið fyrir hinum forboðna veiðirètti Kleppsjarðar og ónýtt forboðið 10 júní 1862, einnig að þeirra leiti sem eigenda, til þess að sjá þá leggja skjöl og skilríki í dóm, máls útlistun og rèttarkröfur að heyra, og dóm að þola, er þeir vænta að lúti að því að lögbannið 10 júní verði ónýtt, en þeim dæmdar fullar skaðabætur af aðalsækjanda í sèrhverju tilliti, bæði fyrir hnekki þann á sjálfri veiðinni, skaða og veiðimissi, sem eigendurnir eru ræntir bæði með sjálfu lögbanninu 10 júní þ. á., og sèrstaklega, með aðför og úrskurði lögreglustjórans 15. f. m. fyrir þann yfirgáng og ofbeldi hvar með óvefengdur eignarrèttur þeirra er þannig brotinn ~~brotinn~~ bak aptur, og fyrir rýrð þá og vansa, er þeir verða hèr fyrir eigi að eins í augum þeirra útlendu manna er þeir leigðu veiðina, heldur og í augum meðborgara sinna og annara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útlendinga- og ennfremur allur málskostnadur ad fullu m. fl., er af máli þessu getur löglega leitt.

Lögdagsleggingin er áftekin med tilsk. 3 júní 1796.

Stefnu þessari sem er útgefin á embættisstofu Kjósar- og Gullbringusýslu, Hafnarfirdi 4 dag ágúst 1862 er til stadfestu

undir: Min hönd og embættisinnsigli
Clausen.
(L. S.)

Gebyr -- 20 ſ
20 ss tyve Skilling
betalt
Clausen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Harald Clausen

sýslumaður og héraðsdómari í Kjósar og Gullbringusýslu

Gjöri vitanlegt: að yfirdóms- og málaflutningsmaður Jón Guðmundsson sem talsmaður þeirra John Ritchie & Son frá Peterhead í Skotlandi í máli því er kaupmaður H. Th. A. Thomsen í Reykjavík hefir höfðað á hendur þeim, og byrjað málið með fógetalögbanni 10 júní þ.á. er Thomsen nú framfylgir til dómsstaðfestingar fyrir héraðsréttinum í Gullbringusýslu finni sig tilknúðan, jafnframt vörn þeirri, er hann þannig er nauðbeygður að halda uppi, þótt hann egi sé nema leiguliði, fyrir veiðirétti réttra eigenda er honum leigður, en aðalsækjandi ~~hefir þó ekki~~ sem forbjóðandi hefir þó hefir þó ekki fengizt til að draga inn í málið, að höfða gagnsakir gegn aðalsækjanda einkanlega til fullra og hlífðarlausra skaðabóta sumpart af ábyrgðarfé því, sem aðalsækjandi framseldi í þessu skyni fyrir fógetaréttinum, þá er lögbannið var uppkveðið, en sumpart af aðalsækjanda sjálfum, að því er ábyrgðarfé þetta reyndist ekki nægilegt, fyrir allan þann ómetanlegan skaða og mikla hnekki er þeir John Ritchie & Son hafa beðið fyrir þessar aðfarir aðalsækjanda sem ekki eru eingöngu, heldur hvað minnst þar í fólgnar, að þeir voru þar með ræntir sumarlangt, frá lögbannsdeginum þeim óvefengda veiðirétti sem þeir höfðu í góðu trausti á leigu tekið, og allri veiðinni sjálfri, og þeim beinlínis og óbeinlínis ágóða, sem hún gat haft í för með sér, hefði hún verið látin ómeinuð, heldur með-fram og miklu fremur í því, að þeir höfðu bæði fært með sér kostnaðar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sóm veiðarfæri híngað til lands, og margt fólk, en ráðið hér nokkurt fólk sumarlángt, til þess að stunda veiðina, fjenýta hana, og búa til úr henni verzlunarvöru til útflutningo, hvað ed allt varð þeim Ritchie að fjarska kostnaði einum, en til eingra nota, er þeir voru þannig rentir veiðinni með lögbanninu, og í annan stað höfðu þeir samið við verzlanir í sínu landi um, að þeir skyldi færa héðan og selja ákveðna punda tölu af niðursoðnum laxi, en verða nú samningsrofar og brygðmælgismenn, að þessu leiti; fyrir það, að þeir voru veiðinni rentir, er þeir höfðu einmitt í þessu skyni á leigu tekið - og að síðustu til fullra bóta fyrir rýrð þá og vansa, er þeir sem hreinskiptnir og áreiðanlegir verzlunarmenn hafa beðið af þessu atferli aðalsækjanda, þar sem er rýrð á því trausti og tiltrú, sem hverjum verzlunarmanni er svo ómissandi og ómetanleg; hyggja hinir stefndu John Ritchie & Son, að skaðabæturnar er þeim beri út af öllu þessu, geti ekki minna numið en minnst 2500-3000 rdl, eður eptir mati óvilhallra verzlunarfróðra manna, sem af réttinum sé til þess kvaddir.

Fyrir því gagnstefnist og nú, samkvæmt N. L. 1-4-7 fram fyrir þann auka héraðs rétt Kjósar- og Gullbríngusýslu sem ákveðinn er í aðalsökinni í þínghúsi Seltjarnarneshrepps og bæjarþíngstofunni í Reykjavík, þriðjudaginn, 12 dag yfirstandandi ágústm. kl. 12 á hádegi aðalsækjandanum H. Th. A. Thomsen kaupmanni og borgara í Reykjavíkurkaupstað, til þess að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjá gagnsækjendur fylgja fram téðu skadabóta máli, og sjá þar
að lútandi skjöl og skilríki lögð í rétt, málsútlistun og
réttarkröfur að heyra í þá stefnu sem nú var mælt, og dóm
að þola bæði til ónýtingar lögbanninu 10 júní þ. á. til fullra
skaðabóta, máls kostnaðar útláta, og hvers annars er getur lög-
lega leitt af máli þessu.

Með tilsk. 3 júni 1796 er lögdagaleggingin aftekin.

Stefnu þessari, sem er útgefin í embættisstofu Kjósar
og Gullbringusýslu, að Hafnarfirði 4 dag ágúst 1862
er til staðfestu
undir: Mín hönd og embættisins innsigli

Clausen.
(L. S.)

Gebyr 20/.

20/. er Tyve Skl
bet.
Clausen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Harald Clausen

sýslumaður og héraðsdómari í Kjósar og Gullbringu sýslum gjörir kunnugt:

að Ár 1862 þann 15 Júli mætti lögreglustjórnin í Kjósar og Gullbringu sýslum á Kleppi með neðan skrifuðum vitnum til þess eptir bón kaupmanns Thomsens í Reykjavík að taka upp nokkur net, sem kvað fyrir yfirlýst forboð hafa verið lögð fyrir framan land jarðarinnar Klepps.

Bréf Requirentens var framlagt og er svo látandi:

"Under 10de f.m. lod jeg ved Fogden i Seltjarnarnes Hrepp nedlægge "Forbud imod Fiskeri for den udenfor Laxeelven liggende Jord "Kleppi, saavel mod Hr John Ritchie & Søn, der dengang "udøvede Laxefiskeri for bemeldte Jord, som mod Andre, for"di jeg maa antage at et saadant Fiskeri aldeles ødelæg"ger Laxefiskeriet i min Elv. Dette Forbud afleverede jeg "ved sidste Mandtalsting til Tinglæsning og har, som Deres "Velbyrdighed bekjendt, strax forfulgt det ved Stævning til "Forlig, og da dette ikke kunde opnaaes indstævnet Ved"kommende til Retten.

"Men ved iforgaars Aften ved at begive mig ind til "Laxelven, opdagede jeg, at der laa udenfor den Linie, der "betegner Grændsen af mit Laxefiskeri, igjen vare udstil"lede Laxegarn, hvilket jeg ifølge Foranstaaende ikke und"lader at underrette Deres Velbyrdighed om, for at De iføl"ge Loven kan lade Garnene optage og ved Kommende "drage til Ansvar for Deres Ulydighed mod Øvrighedens "Foranstaltninger.

Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Den 14 Juli 1862. Arbödigst
Til H. Th. Thomsen.
Hr Sysselmand H. Clausen. Hanefjord.

"Framlagd við lögregluaðgjörðinni að Kleppi 15 Júlí 1862." Clausen.

Requirenten var personelega mættur og lagði fram Utskrift af hiðlysidisti forhað og heimtaði samkvæmt þessu og bréfi hans, að fiskvöðrn(?) tin voru tekin upp fyrir tilhlutandi lögreglustjórnins. Þetta utskrift er svo látandi:

"Páll Melsted

"settur sýslumaður í Kjósar og Gullbringu sýslum kunngjörir: að ár 1862 þann 10 Júní setti eg settur sýslumaður í Kjósar og Gullbringu sýslum P. Melsted, sem hlutaeigandi fógeti, rétt að Laugarnesi í viðurvist vottanna Jóns bónda Jónssonar á Reindará og Guðjóns bónda Jónssonar á Barði, samkvæmt innkomnu bréfi frá kaupmanni August Thomsen í Reykjavík, dagsettu í dag, hvört bréf var upplesið í réttinum þannig hljóðandi:

Með því eigendur Laugarnes og Kleppi jarða hafa leyft útlendum verslunarmanni John Ritchie & Sön að veiða lax fyrir landa síðarnefndra jarðar, er liggur að norðan ánni við það fiskisvæði, sem mér er selt með konunglega afsalsbréfi 11 December 1853 og leður(?) John Ritchie & Sön þegar hefur byggað veiði þessa, sem eg bæði hlýt að álíta sem eyðileggjandi fyrir þann fiskirétt sem eg hefi eignast með nýnefndu allrahæsta afsalsbréfi og líka óheimila, að því leyti er snertir veiðirétt Klepps jarðar, eins og

Framlagd við lögregluaðgjörðinni að Kleppi 15 Júlí 1862 Clausen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"og seinna undir hlutaðeigandi máls sem ætla mér að leiða rök að, leyfi eg hérmeð að biðja Yður, herra sýslumaður sem fógeta í Gullbringu sýslu að leggja niður og láta birta forbod móti sérhverri veiði af ofannefndi Ritchies eða annars hendi fyrir landi jarðarinnar Kleppi og er það sjálfsagt, að eg er fús til að setja það veð fyrir forbodinu, er þér sem fógeti mættuð finna tryggjandi fyrir Yður og nefndan Ritchie.

Reykjavík þann 10 Juni 1862

H. Th. A. Thomsen

Til Fógetans í Gullbringu og Kjósar sýslu.

Lagt fram í fógetarétti Kjósar og Gullbringu sýslu 10 Juni 1862.

vitnar

P. Melsted

cst "

Requirenten, kaupmaður August Thomsen var persónulega mættur og krafðist að fógetagjörð þessi fengi nú framgang samkvæmt því sem hann bréflega hefur óskað.

Mr John Ritchie var einnig persónulega mættur hér fyrir réttinum og gjörði þá athugasemd, að hann vissi ekki betur, en að hann væri í sínum fulla rétti, hvað þenna veiðiskap snertir fyrir Kleppi landi.

Fógetinn krafðist af Requirentinum, að hann til tryggingar setti ánægjanlegt veð fyrir forbodi þessu og erklæraði kaupmaður A Thomsen hér í réttinum, að hann sé fús til að setja 500 Rd. veð fyrir gjörð þessari, á þann hátt, að hann veðsetur svo mikið í eignarjörð sinni Arbænum, sem þessari upphæð nemur.

Samkvæmt því,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"sem að framan er sagt, leggur því fógetinn hérmeð fullt forboð fyrir og imóti sérhverri veiði herra Ritchies eður annara fyrir landi Jarðarinnar Kleppi og fyrir því forboði hér yfir, að geymdum sérhverð rétti til endelegs dóms.

Requirenten óskaði að fá útskrift in forma af fógetagjörð þessari, hvarnæst það sem hér hafði gjört var lesið upphátt fyrir fógetaréttinum og honum þarnæst slitið.

P. Melsted
cst.
H. Th. A. Thomsen

Sem vottar.
Guðjón Jónsson. Jón Jónsson.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli"

P. Melsted
cst.
(L.S.)

"Lesið á manntalsþingi Seltjarnarneshrepps í Reykjavík 28 Júni 1862. og innført i veðmálabók sýslunnar bls 99–101 No 96.
vitnar
P. Melsted"

Procurator Guðmundsson var mættur sín vegna og annara sameiganda að jörðunum Laugarnesi og Kleppi og bað hann fyrst og fremst athugað, að netið sem hér er umtalsefni legi fullum 30 til 40 föðmum norðar heldur enn norðasta takmörk veiðaréttar Herra Thomsens legi nefnilega svokallaði Geldingatángi og þar næst framlagði hann mótmæli mót þessari réttargjörð af degi dato svolátandi:

Mótmæli.

" Í mínu nafni og annara sameiganda minna að jörðunum Laugarnesi og Kleppi, verð eg alvarlega og kröftuglega að mótmæla því, að rétturinn tæki upp eða úrskurði uppþot lax og fiskveiði lagnir okkar hér fyrir Kleppi landi að norðanverðu við Geldingatánga. því þó að lögbannið 10 Júni þá hljóði uppá, að banna þessa veiði herra James Ritchies (sem við sameigendurnir að öllu höfðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

léð og leigt veiðina fyrir téðra jarða landi suðr að Selgjutúngu)
og annara fyrir landi jarðarinnar Klepps; þá getum við
sameigandanir alls eigi álitið oss bundna við þetta forboð eða
að það geti til vor náð sem eiganda jarðarinnar, með því að
hvorki er leyst konúnglegt leyfisbréf af forbjóðandi, né heldur
og auglýst þará byggð almenn stefna er gæti gjört forboðið
gildandi móti einum og sérhverjum og öllum yfir höfuð, –
og svo hefir sjálfr forbjóðandinn herra kaupmaðr A Thomsen á
hinni byggjum óbeinlínis viðrkennt, að þetta lögbanna hans geti
ekki réttilega náð til sameiganda jarðarinnar, og að hann ætl-
aði ekki til þess, því hann hefir ekki framfylgt forboðinu gegn
þeim á lögákveðnum hátt – þó að kominn (?) væri það eins andgetr
eins og á móti Herra Ritchie og með einu og sömu málsókn-
inni, með því sameigendr jarðanna eru allir búsettir hér í
Reykjavík – með því að kæra þá fyrir sáttanefnd og síðan fyrir
dómstólunum, til þess að fá forboðið staðfest gegn þeim, eins
og lögin gjöra að skilyrði um hvert það lögbann, sem gildi
skal hafa og binda þá, sem það er stílað ímóti. —

Af þessum ástæðum get eg eigi betr séð en að bæði sé
beiðanda þessarar réttargjörðar alveg ástæðulaust að fara henni
fram og þessum beiðanda rétti einnig ástæðulaust og heimildar-
laust að lögum að láta henni framgengt verða, þar sem
hún stefnir að því að svipta löglega eigendr almennum
réttindum og óvefengdum án þessleiðis vanalegs undirbúnings,
er megi svipta mann slíkum réttindum eða upphefja þau um
stundar sakir, og þannig að því að svipta oss eigendrnar veiðirétti-
num fyrir okkar landi, að minnsta kosti að svo komnu máli án dóms

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og lega.— Og þar eð hinn heiðraði rétti finnr, nú móti von enki ástæðu til að taka þessi mótmæli mín til fullra greina þá vona eg samt, að þessi krafa lögbannanda, sem hér ræðir um, verði svo að einu tekin til greina að hann seti lögreglustjóranum eða fógetanum, sem rétti þessum stýrir, nægilega og fulltrygga ábyrgð fyrir þeim skaða og kostnaði og hneykslir og óvansæmd oss er búinn ef krafan skyldi hafa framgöng.

Því krefst eg óvefengjanlega fyrst og fremst:

að Krafanni verði sem ástæðulausri frá vísað

til vara:

að nægileg ábyrgð verði þegar seld í hendr réttinum, ef krafan skal framgáng hafa.

pt að Kleppi 15 Juli 1862.

S. Gudmundsson.

Til Réttarins að Kleppi í dag.

J. Framlagt við lögreglu að gjörðinni að Kleppi 15 Juli 1862.

Clausen.

Requirenten bað tilfært protocollen, að hann mótmælti hartlega öllu því, sem framkomið væri frá málspartinum síðustu þess, að hann ekki gæti álitið það á rökum byggt.

Lögreglustjórinn tók málið undir úrskurð og kvað samstundis upp svolátandi úrskurð:

Samkvæmt forboðinu af 10 Juni þ.á., við hverju hr Augúst Thomsen hefir fyrirboðið sérhverri veiði Herra Ritchie eða annara fyrir landi jarðarinnar Kleppi, þá skulu netin, sem hér ræðir um, tafarlaust upptekin.

Promulgatur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundsson hað beþið, að hann heldur sem fyrir útskrift in forma af þessari réttargjörð og aðskrifa sér að áfrýja henni fyrir æðra dóm. — Þareð ekki var þessari að fyrirtaka var réttinum slitið, eftir að hið bókaða hafði verið upplesið.

Clausen.

Málspartar
A. Thomsen
I. Guðmundsson

sem vottar
Jón Hálfdansson
Magnús Guðmundsson
(handsalað).

Til staðfestu undir minni hendi og embættisinnsigli.

H. Clausen.

Gebyhr.

[illegible] — —	3 ƒ.
Beskrift og Papir	1 - 4 ß.
Skriver for 1 Ark	1 - 3.
Befordring med en Hest til Kleppi	" 4.
	2 Rd 5 ƒ 4 ß.

To Rigsdaler fem Mark og fire Skilling.

H. Clausen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 7

Afskrift

Sameigendur Laugarness og Kleppsjarða hafa í höndum meðal annara heimildarskjala konúnglegt afsalsbréf 17. september (april) 1817, þínglesið yfir dóminum 3. ágúst 1818, hvar með konungur selur og afsalar frá sér, til fullkominnar eignar og óðals „jörðina Klepp í Seltjarnarneshrepp" með öllum þeim réttindum og hlynnindum („Herligheder"), sem þeirri jörð að fornu fylgt hafi og fylgja ber með réttu." Nú er í kaupi þessu þannig ekkert það undanskilið eða áskilið, er jörðin Kleppur á eða átt getur með réttu, eptir afstöðu sinni og landamerkjum, af landsnytjum þeim og hlynnindum, er hverri jörð fylgir og fylgja ber eptir landslögunum; — því hver jörð, sem á land að sjó, á eptir landslögunum bæði rekarétt og veiðirétt fyrir sínu landi nema með lögum sé frá komið eða undan henni gengið; og af því nú Kleppur á land að sjó, eins og allir sjá og vita, og hún er seld af konungi með öllum réttindum og hlynnindum, er henni að fornu fylgt hafa og fylgja ber, að engu undanskildu, þá hlýtur jörðin Kleppur en að eiga með vafalausum rétti, öll þau hlynnindi og réttindi, er henni hafa tilheyrt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá öndverðu og ber að fylgja og tilheyra eptir lands-lögunum, og þar ámeðal öll veiði á sjó fyrir hennar landi, eins laxveiði sem önnur veiði; svo að hafi konúngur síðar, með afsalsbrèfi 11. desember 1853, selt lax-veiðina í Elliðaánum allt fram á móts við Gelgjutánga, þá hefir hann þar selt það, er hann eigi átti og skorti heimild til að selja, með því Klepps land nær innfyrir Gelgjutánga, um að Merkilæk eða Murtulæk, er skilur Klepps og Bústaðaland.

Þar sem nú eigandi laxveiðarinnar í Elliðaán-um, kaupmaður herra Aug. Thomsen hèr í bænum, hefir með kæru fyrir hinni heiðruðu sáttanefnd í Reykjavík höfðað mál gegn eigendum Laugarness og Klepps út af réttinum til beitutekju fyrir Kleppslandi frá Merkilæk og út að Gelgjutánga, og þar sem hann vill helga sèr, í notum laxveiðar innar í Elliðaánum, er föður hans var heimiluð með téðu afsalsbrèfi Konúngs 11. desember 1853, ekki að eins alla fisk(-og fugla~~veiði~~?) veiði á þessu svæði, heldur einnig beitutekjuna, er þó, að mínu áliti getur aldrei talist með veiði; — þá verð eg í krapti umboðsbrèfs þess, er eg hefi þegar framlagt frá hinum stefndu sameigendum, að gagnákæra hérmeð herra Aug. Thomsen, fyrir hinni heiðruðu sáttanefnd í Reykjavíkurbæ, fyrir það að hann heim-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-ldarlaust eignar sér og notar laxveidi og adra veidi á fyrnefndu svædi fyrir Kleppslandi milli Merki-lækjar og Gelgjutánga, og bidja hina heidrudu nefnd ad kalla hann fyrir sig ásamt mér til hins næsta sáttafundardags, til þess ad leita um sættir med okkur um þetta atridi málsins:— réttinn til laxveidarinnar og annarar veidi á tédu svædi,— jafnframt og sáttatilraunin er til lykta leidd útaf beitutekjunni, eda réttinum til hennar;— en komist eigi sættir á, óska eg, ad þessu kæru-efni mínu verdi einnig vísad til landslaga og réttar.

Reykjavík 22. mai 1858.

Med virdíngu.
Jón Gudmundsson

Rétta afskrift stadfestir
Jón Gudmundsson

Til
sáttanefndarinnar í Reykjavíkur kaupstad.

Eptir framanskrifudu, er þessari gagnkom. stefnt fyrir sáttanefndina í Reykjavík, í þingstofu bæjarins til Fimtudags 25. þ. m. kl. 12. og hún birt á heimili herra Aug. Thomsens, ad honum fjærverandi, 22 þ. mán. kl. 5½ e. m. — af undirskrifudum stefnuvottum bæjarins. —
Afskrifað þessi sáu(?) hr. A. Thomsen
í dag 24. mai 1858 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í nafni og umboði sameigenda minna að Laug-
-arnesi og Kleppi, gefst hér með hverjum sem er til vit-
-undar, er kynni að þykjast í vafa um það, hver eða
hverir það veri, sem nú gángast fyrir og eiga
fisk= og laxveiði-lagnir fyrir norðanverðu landi
jarðarinnar Klepps, fyrir norðan Gelgjutánga,
að fyrir þessum lögnum og laxveiði gángast nú
sameigendrnir sjálfir, fyrir eigin reiknÍng og
eigin ábyrgð, með þeim vörpum, netum og bátum
og mönnum sem vér höfum til þess leigt og höfum
fullt leyfi fyrir af þeim sem veiðarfærin eiga. Þessa
yfirlýsingu vona eg, að hver maðr, sem sér hana,
taki til fullra greina og láti ekki villast
á því, þó annar maðr en vér sameigendrnir
hafi átt eða eigi veiðarfærin, því sá hinn sami
á engan þátt eða hlut í þessum lögnum og lax-
-veiði sem nú er stunduð á téðum stað, heldr
vér sameigendrnir einir saman.

Reykjavík, 12 Júli 1862.

Jn Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Haraldur Clausen

sýslumaður í Kjósar- samt sýslumaður og hjeraðsdómari í Gullbringusýslu

kunngjörir, að ár 1862 þann 12. august var Gullbringu og Kjósarsýslu extrarjettur settur og haldinn í Reykjavík af hinum reglulega sýslumanni í tjeðum sýslum í viðurvist vitnanna P. Sigurðssonar og Árna Gíslasonar, var þá fyrirtekin sökin:

kaupmaður A. Thomsen

gegn

Ritchie & Sohn.

- -

- -

Sækjandans fullmegtugur framlagði enn fremur:
1. vitnastefnu dagsetta 4. aug. 1862 undir hendi og signeti dómarans, með áteiknun um auglýsingu hennar fyrir hlutaðeigendum 6. þ. m. ad. N. 13, svohljóðandi:

Harald Hugo Edvard Clausen,

sýslumaður í Kjósar- samt sýslumaður og hjeraðsdómari í Gullbringusýslu,

kunngjörir, að kaupmaður Hans Theodor August Thomsen hefur skýrt mjer frá, að hann ætli að leiða vitni nokkur um það, hversu laxinn hagar sjer til í uppgöngu sinni frá hafi til ferskra vatna landsins, hversu laxveiði með netum spilli og eyði allri laxveiði yfir höfuð, og hversu sjerílagi laxveiði kaupmanns Johns Ritchie & Sohns með netum fyrir Klepps landi örskammt frá línunni milli Gelgjutanga og Árbæjarhöfða hafi spillt og eytt fyrir honum laxveiðinni í Elliða-ám á þessu sumri, og óskað, að hlutaðeigendur mættu verða löglega aðvaraðir um þessa vitnaleiðslu, svo þeir geti gætt þarfa sinna undir henni.

Stefnist því nú ofannefndur kaupmaður John Ritchie &

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Son edur hans fullmegtugur, procurator Jón Gudmundson til þess ad mæta fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, er haldinn verdur í þinghúsi Reykjavíkurbæjar kl. 12 þridjudaginn þann 12. yfirstandandi Augustmánadar til þess þar og þá ad heyra á framburd ósteſndra vitna vidvíkjandi ofanngreindum atridum og til ad heyra þau vitni stadfesta skýrslur sínar med lagamæta eidi; ef krafist verdur, samt loksins til ad sjá þessa vitnaleidslu eins og önnur skjöl, málinu um lasveidina fyrir Kleppslandi vidvíkjandi, lögd í rjett, og stefnandans á þeim byggdri málsframsögn andsvör ad gefa og þar uppá rjettarins dóm ad þola.

Lögdagur er afstekinn med tilsk. 3 júní 1796.

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu 4. aug. 1862.

Undir minni hendi og embættisinnsigli

Clausen.

(L. S.)

Gebyr - - 20 ß

20 ß er Tyve ß

Clausen

Ár 1862 midvikudaginn hinn 6. ágúst kl. 8 f.m. höfum vid undirskrifadir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritada stefnu yfirdóms-málaflutningsmanni Jóni Gudmundssyni, persónulega á heimili sínu.

Þetta vitnum vid í krapti stefnuvottaeids okkar med nöfnum og innsiglum.

Th. Bjarnason. A. Gíslason

(L. S.) (L. S.)

Borgun 36 skl

þrjátíu og sex skildingar r.m.

A. G. Th. B.

Ad menn þeir, sem birt hafa framanskrifada stefnu, sje hinir reglulegu eidsvörnu stefnuvottar í Reykjavíkur lögsagnarumdæmi, vottast hjer med.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 6. aug. 1862

A. Thorsteinson

Framlagt í Kjósar og Gullbringusýslu aukarjetti 12. aug 1862

Clausen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Spursmál til vitnanna ad l. №14

A Til vitnanna Kláusar Bjarnasonar og Björns Olafssonar.

1. Hversu gamalt er vitnid?
2. þekkir vitnid nokkud til laxveida á íslenzkan hátt med netum eda vörpum?
3. Fælist laxinn netid þar sem þad liggur, eda hleypur hann strax í þad og ánetjar sig?
4. Hvar, og á hvern hátt hafid þjer tekid eptir atferd laxins þar, sem hann er krebadur med neti?
5. Haldid þjer ekki eptir því sem þjer þekkid til, ad straumurinn úr Ellidaánum gangi fremur út med vesturlandinu enn annarsstadar í Videyjarsundi?
6. Hvernig álitid þjer, ad laxinn hagi göngu sinni um Videyjarsund, hvort hann muni ganga jafnt alstadar um sundid, eda heldur inn med vesturlandinu?
7. Álitid þjer ekki samkvæmt eptirtekt ydar á atferd laxins, ad net sem lögd eru 60–80 fadma út frá landi ad vestanverdu í Videyjarsundi, hljóti ad eyda laxveidinni í Ellidaánum?
8. Getid þjer álitid líklegt, ad sá lax, sem komid geti úr hafi inn fyrir nordan Videy og inn med henni austanverdri, leyti inn í Ellidaár, og ekki allur heldur fremur í Grafarvog?
9. Haldid þjer ekki, ad stödug umferd med bátum í grend vid laxveidarpláz, hvar sem er, hljóti ad skada laxveidina?

B Til Símonar Bjarnasonar í Gröf.

1. Hvad gamalt er vitnid?
2. Hafid þjer ekki fyrrum haft laxveidi í Grafarvogi?
3. Heppnast hún eins vel nú og í fyrstu?
4. Hafid þjer ekki leyft Frökkum laxveidi þar med neti?
5. Álitid þjer ekki, ad þeta hafi fælt laxinn burt og spillt veidinni?
6. Haldid þjer ekki, ad bædi umferdir á bátum um voginn, jafnt og netabrúkunin sjálf hafi spillt og eydt veidinni í Grafarvogi?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Haldið þjer ekki, að neta og bátabrúkun til laxveiða fyrir utan Elliðaárósinni eða örskammt fyrir utan Gelgjutanga hljóti að spilla eða jafnvel eyða laxveiðinni í ánum?

C Til Einars Bjarnasonar á Kleppi.

1. Hvað gamalt er vitnið?
2. Hvað lengi hefur vitnið verið á Kleppi?
3. Hafið þjer tekið eptir, hvernig laxinn gengur inn um Viðeyjarsund eða inn með Kleppslandi? Og hvernig gengur hann þá, með fram landi, eða lengra úti?
4. Hvenær lagði kaupmaður John Ritchie & Son laxanet sín í vor fyrir Kleppslandi? Hvar lagði hann þau, og hvað mörg? Var hið syðsta net langt fyrir sunnan hinn litla Odda, sem gengur út í sundið skammt fyrir norðan Gelgjutanga? Hvað laung voru netin?
5. Vissi vitnið, hvað marga laxa kaupmaður Ritchie fjekk í þessi net sín allt fram að 10 júní, þegar banninu var lýst? Hvað marga laxa álítur vitnið hann hafi fengið minnst?
6. Láu ekki landhálsar netanna á þurru með fjöru?

D Til Jóhannesar Oddssonar á Bústöðum.

1. Hvað gamalt er vitnið?
2. Tókuð þjer vel eptir, hvar laxanet Ritchies lágu þann 10. júní í vor, þegar banninu var lýst móti þeim, og hvað mörg voru netin?
3. Var syðsta net Ritchies langt fyrir sunnan hinn litla Odda, sem gengur út í sundið skammt fyrir norðan Gelgjutanga?
4. Hvað löng álítur vitnið netin hafi verið?
5. Lágu ekki landhálsar netanna á þurru um fjöru? eða hvert er álit vitnisins hjerum, eptir því, sem það sá, þegar banninu var lýst?

E Til Jónasar Jónssonar á Hala?

1. Hvað gamalt er vitnið?
2. Hefur vitnið verið með að stunda laxveiði með netum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir Kleppslandi í vor fyrir kaupmann Ritchie & Son?
Hvenær voru netin lögð út?

3. Hvað mörg net hafði Ritchie þar úti; og hvar lágu þau?
4. Hvað langt var það sydsta net fyrir sunnan hinn litla ~~tanga~~ Odda, er gengur út í sundið skammt fyrir nordan Gelgjutanga?
5. Hvað marga laxa veiddi Ritchie í netunum, áðurenn banninu var lýst? eda hvað marga álítur vitnið hann hafi fengið minnst?
6. Lágu ekki landahálsar netanna á þurru um fjöru?

F. Til Einars Japhetssonar og Didriks Knudsens.

1. Hversu gamalt er vitnið?
2. Hvað marga laxa veiddi kaupmaður ~~Ritchie~~ H. Th. A. Thomsen frá því hann setti laxakistur sínar út í Elliðaár í vor og þangað til banninu var lýst þann 10da júní seinastl.?

N. 14.

Framlagt í Kjósar og Gullbringusýslu aukarjetti þann 12. ágúst 1862.

Clausen.

Gagnsækjandi bað tilfært, að einkum vegna þess, að vitnaleiðslan, sem hjer er stefnt til í dag, getur ekki að því, sem eg fæ sjeð, leitt til neinnar sönnunar í málinu, af því að margar af hinum framlögðu spurningum, sem merkt er um vert, lúta að local-afstöðu, sem ekkert vitni getur um borið, með fullri vissu, nema það sje eða hafi verið aldeilis nýlega leitt á þann stað, sem það á um að vitna, og líka er vant eins að geta við vitnaleiðslu viðvíkjandi áreið eða afstöðu, þá verð eg að skjóta mjer undir þann galla, sem eg álít að sje á stefnufrestinum, að hann er eigi gefinn sá, sem stytztur er tiltekinn í lögum nl. 8 dagar, og mótmæli eg því undir úrskurð rjettarins að vitnaleiðsla þessi hafi framgang í dag, öðruvísi en svo, að hún álítist að framfara gegn óstefndum málsparti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fullmegtugur sækjanda bad athugad: ad hann frá sinu sjónar-
midi yrdi ad álíta stefnufrestinn nægann, bædi eptir eldri og
yngri landslögum, og hvad því mótbáru snerti, ad vitnin gætu eigi
vitnad um local-afstödu, sem hjer er áríðandi, þá mun það
finnast, ad ekki önnur vitni verda um það spurd, heldur en
þau, sem eiga heima svo gott, sem á sjálfum stadnum, Kleppi og
Bústödum. Þar næst óskadi hann úrskurdar rjettarins.

Rjetturinn tók þessa spurningu til rannsóknar og fjell ad
stundu lidinni í því útlátandi

Úrskurdur.

Þared vitnastefna sú, er í rjettinum var framlögd, og med
hverri vitnastefnandinn kaupmadur A. Thomsen í Reykjavík
hefur stefnt John Ritchie & Sohn til ad heyra vitnaleidslu
í sök þeirri, sem þeir eiga hjer fyrir rjettinum, ekki finnst
ad vera auglýst med þeim í L. 1-4-1 samanber tilsk. 15 aug.
1832 § 13 lögbodna fresti, getur vitnaleidslan gegn mót-
mælum innstefnda ekki haft framgang, fyr en ný stefna
auglýst med löglegum fresti hefur átt sjer stad,

því úrskurdast:

hinni umrædda vitnaleidslu ber nú ad sinni frá ad vísa rjett-
inum.

Clausen.

Stefnandi bad ~~athugad~~ bókad, ad hann yrdi þá samkvæmt
hinni tilvitnudu grein í tilsk. 15. aug. 1832 ad krefjast þess,
ad rjetturinn þegar ákvedi, ad vitnaleidslan skuli í dag fram
fara, þar sem þessi (13) grein gengur út á, ad rjetturinn sem
ordinarium ákvedi, hvenær vitnaleidsla skuli fram fara,
án þess þar med ad áskilja nokkurn fyrirvarafrest.

Dómarinn gat þess, ad, ad svo miklu leyti sem sig snerti,
yrdi málid ad standa vid úrskurdinn.

Stefnandi óskadi þá útskript í aktsformi af þessum úr-
skurdi med tilheyrandi skjölum, med því hann hlýti ad sjá
um bjódandi sinn skadlausan af þeim kostnadi, sem fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann leiddi af úrskurdinum, med því ad leggja hann til ædri rjettar.

- -

- -

Hin umbedna útskript og frestur veittur, og ákvedst fyrirtekt málsins annan september þ. á. Kl. 1. í þinghúsinu í Reykjavík.

Rjetti slitid
Clausen

Málspartar
P. Gudjohnsen. J. Gudmundsson
Vottar
A. Gíslason. P. Sigurdsson.

Undir minni hendi og embættisinnsigli.

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu den 23 Augusti 1862

Clausen.

Gjald:

Eptirrit	48 ß.
Sorg. og Stimp.	20 ß.
	68 ß.

átta og sextíu skildinga R.M.

Clausen.

/.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Forseti og dómendur
í hinum konunglega yfirdómi á Íslandi

Gjöra vitanlegt: að málaflutningsmaður Jón Guðmundsson hefir tjáð oss, hvernig hann, bæði fyrir hönd kaupmannanna John Ritchie & Son í Peterhead á Skotlandi og sjálfs sín og annara sameigenda að jörðunum Laugarnesi og Kleppi innan Gullbríngusýslu, finni sig til knúðan svo að þeir allir megi betri rjettar aðnjótandi verða, að áfrýja fyrir yfirdóminn til ómerkíngar, ónýtíngar eða ógildíngar, og til þess að algjörlega verði hrundið og breytt héraðsdómi Kjósar- og Gullbríngu sýslu, ásamt 3 rjettar úrskurðum og 2 þar á byggðum rjettargjörðum í máli því er kaupmaður H. Th. A. Thomsen í Reykjavík höfðaði útaf veiðirjettinum á sjó fyrir landi jarðarinnar Klepps, og hóf með forboði fyrir fógetarjetti 10 júní 1862, gegn þeim John Ritchie & Son hverjum sameigendur nefndra jarða höfðu selt á leigu, um 3 ára tíma frá 1 April 1862 alla fiskiveiði og laxveiði fyrir landi þessara jarða innan ákveðinna takmarka, en þeir gengu síðan í málið með þeim Ritchie sem intervenienter og gagnsóktu Thomsen einnig að sínu leiti.

Þar sem nú fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbríngu sýslu að Hafnarfirði 29. Novbr 1862, er í máli þessu dæmt rjett að vera: „Hið gjörða forboð á óraskað að standa; málskostnaður falli niður.“,
– en með hinni áminntu forboðsgjörð fyrir fógetarjetti sömu sýslu 10 júní 1862 sem stað fest er með téðum dómi var úrskurðað og lagt:

„fullt forboð fyrir og í móti sjerhverri veiði herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Ritchies edur annara fyrir landi jardarinnar Klepps„ —

og þar sem ennfremur voru uppkvednir í þessu máli eda eptir ad þad var höfdad í hjeradi 3 rjettar úrskurdir, med hverjum áfrýendurnir hyggja ad þeir sjeu afslaga bornir,

a. Úrskurdi uppkvednum fyrir svonefndri „pólitirjettargjörd" 15 Júli 1862 gegn sameigendum Laugarnes og Klepps, áhrærandi netalagnir sjálfra þeirra fyrir Klepps landi; hvar med, án þess nein ábyrgd fengist sett, einu og þeir þeir þó kröfdust var úrskurdad:
„Samkvæmt forbodinu af 10 Júni þ.á. med hverju Hr. „August Thomsen hefir fyrirbodid sjerhverja veidi herra „Ritchies eda annara fyrir landi jardarinnar Klepps, „þá skulu netin, sem hér ræder um, tafarlaust upp-„takast"—.

b. Úrskurdur héradsrjettarins 22. Sept. og 7. Okt. 1862 hvar med rjetturinn eptir ad sókn og vörn málsins var sem ndil lokid, veitti sakaradila, gegn mótmælum gagnsækjenda leivegisfrest í málinu, fyrst til svonefndrar „samanburdargjördar" og þarnæst til áreid-argjördar á Kleppslandi, samt bádar þær rjettargjördir er á þessum úrskurdum voru bygdar og héradsdómarinn ljet hafa framgáng 27. Septbr. og 13 Okt. s. ár, —

þá vænta áfrýendurnir og alla sjer í sameiningu og hverir í sínu lagi fyrir yfirdóminum ad krefjast ad tjedir úrskurdir verdi med yfirrjettarins dómi úr gildi feldir og alveg ónýttir, og þær rjettargjördir, sem á 2 hinum sídar nefndu rjettarúrskurdum voru bygdar verdi metnar merkis-lausar og ad engu hafdar, enn fremur ad sjálfur hjerads-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dómarinn í aðalsökinni verði annaðhvort ex officio dæmdur ómerkur og forboðið 10 júní 1862 jafnframt fellt úr gildi ónýtt dæmt eða marklaust ellegar dæmdur ógildur eða ónýttur, og honum ásamt forboðinu algjörlega hrundið, þannig að hverskyns veiðirjettur Kleppsjarðar fyrir sínu landi fyrir utan eður norðan Gelgjutanga og Árbæjarhöfða takmörkin, verði dæmdur óskerður að öllu og óskerðandi, samkvæmt landslögunum, og enfremur að sakar aðili verði dæmdur til að greiða áfrýendunum skaðabætur að fullu, í þá stefnu sem gagnsökin þeirra fór fyrir hjeraðs-rjettinum og til málskostnaðar útláta m. fl., allt eptir því sem þeir áskilja sjer nákvæmar að útlista og krefjast.

Fyrir því stefnum vjer nú fram fyrir oss í hinn konunglega yfirdóm í Reykjavík mánudaginn hinn 2 Marz mán. 1863 stundu af dagmálum:

1. Sakaraðilanum kaupmanni H. Th. August Thomsen sem er búsettur borgari í Reykjavík eða að því leyti hann yrði þá ókominn þar sem hann er nú á ferðum erlendis verzlunarstjóra hans og umboðsmanni hjer í staðnum Einari Jafetssyni - samkvæmt Jónsb. landsl.b. Cap. XXVIII og öðrum þaraðlútandi lagaboðum til þess að sakar aðili, eður ef hann verður ókominn téður E. Jafetsson fyrir hans hönd sjái sjálf og skilríki lögð í dóm, heyri málsútlistun og rjettarkröfur í þá stefnu sem nú var tekin fram, halda vörn og vörum uppi í sökinni og þola dóm yfir sakar aðila bæði að sjálfu þrætuefninu til, og öðrum þeim atriðum sem fyrr voru fram tekin, sem og einnig til lúkningar fullra skaðabóta í öllu tilliti, og málskostnaðar útláta sem hvers annars er af máli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geta löglega leitt.

2. Hjeraðsdómaranum í Kjósar og Gullbringu sýslu, sýslumanni Haraldi Hugo Eduard Clausen í Hafnarfirði, til þess að halda vörn og vörum uppi fyrir dóm inn og rjettar úrskurði, og aðra meðferð þessa máls, sem og frágang dómsactsins og drátt á honum, og til að sæta fullri laga ábyrgð þar fyrir, sem og einnig af pólitirjettar gjörðinni 15 júlí 1862, af sjálfum dóminum, ef hann yrði ex officio dæmdur ómerkur; og af allri meðferð málsins, og þar uppá dóm að þola.

3. Hinum setta fógeta er fjekk framgáng forboðinu og uppkvað það 10 júní 1862, settum yfirrjettar málaflutningsmanni Páli Pálssyni Melsteð í Reykjavík, til þess að halda vörum og vörn uppi fyrir þessa rjettargjörð sína, og sæta fullri laga ábyrgð fyrir fyrirtekt hennar og framgáng, með öllu er þar af getur löglega leitt, og þar uppá dóm að þola.

Lögdagsleggingin er úr gildi eptir tilsk. 3 júní 1796.

Stefnu þessari, sem út er gefin á dómsmálastofu yfirdómsins Reykjavík, 13 febrúar 1863, er til staðfestu undir: innsigli yfirdómsins og dómskrifarans hönd.

(L. S.)

B. Sveinsson.

Borgaðir 40 skl.
fjörutygi skildingar.
B.S.

Rjett eptir rit, votta:
Melsteð Th Bjarnason

Undirskrifaðir, sem erum af hinum sameigendum Laugarness og Klepps, kosnir í forstöðunefnd téðrar sameignar, vitnum hérmeð, að við, með samþykki allra hinna sameigandanna höfum, með samningi, leigt þeim herrum Mr John Ritchie & Son alla veiði fyrir Laugarnes landi og fyrir Klepps landi inn að Gelgjutánga, með öllum þeim rétti sem landslög vor heimila veiðirétt, fyrir hvorrar jarðar landi, frá 1 april 1862 til 1 april 1863.

Reykjavík, 11. Júni 1862.

Jón Guðmundsson. H. St. Johnsen. Jón Þórðarson.
G. Zoëga. G. Þórðarson.

No 3.

Framlagt fyrir sáttanefnd Reykjavíkur bæjar 17 Júni 1862.

O. Pálsson.

Að ofanskrifað eptirrit sé af mér nákvæmlega borið saman við frumrit það, sem mér hefur verið afhent til samanburðar og það orð fyrir orð í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öllu því samhljóða, vottast hérmeð notari-
aliter

Notarial Skrifstofu Reykjavíkurkaupstaðar, 17. Júní 1862

A Thorsteinson

Borgun
samanburður 12 ß
og staðfesting — 12 | 24
tuttugu og fjóra skildinga
tólf skildingar u. m.
borgað A Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...nd-

...ní 1862

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með sendi eg yðar Velæðlakeitum, byrta og áteiknaða stefnu yðar, með sendimanninum til baka; stefnuvottarnir hafa ekki rétt vel skilið Dönskuna; (nýi sýslumaðurinn þyrfti að æfa sig í Íslendskunni.)

þenustusamlegast

Skrifstofu Borgarfjarðarsýslu Leyrá 29 Júní 1862

J. Arnason

f. m.

Til kaupmanns herra H. Th. A. Thomsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I fölge

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Monsieur,

Le Commandant Robin du Parc me charge de vous adresser la Carte ci-jointe des Atterages de Reikiavik. Il regrette de ne pouvoir se dessaisir de celle que vous avez vue chez lui et qui lui est indispensable pour le service du bord, mais il espère que celle-ci, qui se trouvait heureusement en double, pourra remplir le but que vous vous proposez.

Le Commandant est heureux d'avoir trouvé l'occasion de vous rendre ce léger service.

Veuillez agréer, Monsieur, mes salutations bien cordiales,

Le lieut.t de V.au, officier d'ordon.ce du Commandant en chef de la Station française en Islande

Reikiavik, 20 Juillet 1862

Bigrel

A M. Thomsen Reikiavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð eg undirskrifaður í sambandi við föður minn Mr. John Ritchie í Peterhead í Skotlandi, er ekki annað en leiguliði að veiðinni fyrir Laugarneslandi og Klepps landi innað Gelgjutánga, samkvæmt hjer meðfylgjandi vottorði frá Sam-eignendum Laugarness og Klepps sem mjer hafa ljeð og leigt þessa veiði fyrir landi þessara beggja jarða, hverja veiði herra kaupmaður Aug. Thomsen nú hefir kjært mig fyrir, fram-fyrir hina heiðruðu Sáttanefnd í Reykjavík, þó að eg hafi ekki brúkað veiðina framyfir það sem mjer er leigt og leyft, — þá þykist mjer ekki betur eptir reglum hjergildandi laga NL. 3-14-29 og DL. 3-13-17, og þeirra réttarvenju sem er þará byggð, (sbr. rit Th. Jónassens Sáttamál á Íslandi bls 6-7.) en að eg sje ekki bær um að sættast á þetta mál og að mjer einum sje þessvegna ekki rjettilega stefnt fyrir Sáttanefndina í þessu máli. Og af því að eg nú þaraðauki þarf óumflýjan-lega að ferðast upp í Borgarfjörð í dag, sakir atvinnu minnar hjer, og dvelja þar um tíma, þá get eg hvorki mætt fyrir nefndinni, og álít mig ekki heldur berann að koma þar til þess að inngánga sætt eptir áðursögðu. En einúngis leyfi jeg mjer að biðja hina heiðruðu Sáttanefnd að taka þessi mótmæli mín til bókar og festa þau við kæruskjalið ásamt með vottorð sameigendanna, þegar málinu verður vísað frá til Landslaga og rjettar, einsog sjálfsagt mun verða. —

p. t. Reykjavík 12 Júní 1862.

John Ritchie & son.

Til Sáttanefndarinnar í Reykjavíkur Kaupstað.

No. 2.

Framlagt fyrir sáttanefnd Reykjavíkur bæjar 17 Júní 1862.

O. Pálsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ + +

Að framanskrifað eftirrit sje af mjer nákvæmlega borið saman við frumritið, það, sem mjer hefur verið afhent til samanburðar og orð fyrir orð í öllu því samhljóða, vottast hjermeð notarialiter

Notarial Skrifstofu Reykjavíkurkaupstaðar 17 Juni 1862

A Thorsteinson

Borgun
samanburður 12ß
og staðfesting — 12 24ß
tuttugu og fjórir skildingar
tólf skildingar r. m.
borgaðir A Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á þessu vori byrjaði verzlunarmaður
John Ritchie & Son frá Peterhead í Skotland
á því fyrirtæki að veiða lax fyrir landi jarðarinnar
Klepps í Seltjarnarneshreppi, rétt fyrir framan
og fast uppvið þau takmörk, sem Konunglegt
afsalsbréf af 11 Dcbr 1853 tiltekur fyrir veiðirétti
mínum, sem eiganda veiðinnar í Elliða ám,
og með því veiði mín hlýtur að gjöreyðast af ofan-
greindu fyrirtæki kaupmanns Johns Ritchies & Son,
þá krafðist eg þann 10da þ.m. aðstoðar Sýslumannsins í
Gullbringu og Kjósar sýslu sem fógeta, til þess að
leggja lagabann á veiðina fyrir Kleppslandi og lýsa
því yfir gegn öllum hlutaðeigendum, og var banninu
yfirlýst strax hinn sama dag. Og með því eg þegar
frá öndverðu hafði í hyggju að framfylgja banni
þessu til endilegs dóms, stefnda eg hlutaðeiganda
til sátta umleitunar þann 10da þ.m og framfór hún
þann 17da næst á eptir, en þar hinn innstefndi
kaupmaður John Ritchie & Son ekki mætti persónu-
lega, var málinu útvísað til landslaga og
réttar.

En með því eg ekki get látið við svobúið standa,
þá stefnist hérmeð ofannefndur kaupmaður
John Ritchie & Son til að mæta fyrir aukarétti
Gullbringu og Kjósarsýslu í þeim stað og tíma,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem dómarinn með áteiknun sinni á stefnu þessa mun tiltaka, til að sjá skjöl í rétt lögð, málsútlistun og réttarkröfur mínar að heira, tilsvar að gefa og dóm að þola, hvarmeð eg vænti að bann það, sem lyst var þann 10da þ. m. verði staðfest og hinn innstefndi álitinn óbær um (uberettiget til) að fremja veiðiskap þann fyrir landi jarðarinnar Klepps á Seltjarnarnesi, sem hann hér er umkærður og að mjer verði tildæmdur málskostnaður eptir nakvæmari réttarkröfu.

Með tilskipun frá 3 juni 1796 er lögdags legging af tekin.

Reykjavík þann 19 Juni 1862.

H.Kr. Thomsen.

Framanskrifaða Stefnu höfum við undir—

I Anledning af foranstaaende Stevning berammes nævnende Sag til foretagelse paa Thingstedet for Seltjarnernes Rep i Reykjavik Onsdagen den 18 Juli d.A. Formiddag Kl. 10.

Gullbringe og Kjósar Sysselets Contoir i Havnefjord den 25 Juni 1862

H Clausen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifadir Eidsvarnir Stefnuvottar í Andkils hrepp löglega birt ofannemdum kaupmanni Jóhni Ritsi Son í eiin personu á heimili hans við Grimsá – enn á teikun Domanda hvorki skiljum við ~~að~~ ~~Stefn~~ stefnuvottarnir, eða vitum til að við þurfum að skilia, þar það er lögbodið að Embættis menn á Islandi skuli skrifa Islensku til að þiða manna hier á landi

Stadir að Grimsá þann 28de Juni 1862

Jón Þórðarson

Teitur Símonsson

At ofanskrifadir, séu eidsvarnir stefnuvottar í Anda-kýls hrepp, það vitnast hér með.

Skrifstofu Borgarfjárdarsýslu Leyrá 29 Júní 1862

J Arnasón
s. m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að undir skrifaðir höfum
að töku eitt hin sama stundis
borgun að upphæð 72 sk
frá Runolfi Runolfs syni á Artúni
firir flutning á Stefna Johns Kits son
að Grimmsá það sem var á
Islenskra af henni firir hvorja
72 sk við hér með kvitterum
hann

Staddir að Grimmsá
dag 28 Júni 1862
Jón Þórðarson
Teitur Símonsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg har efter Aftale talt med Hr Gudmundsen og forelagt ham Sagen; thi han erklærede, at han ikke uden min Mellemkomst kunde [illegible] Politimesteren [illegible] lade [illegible] afslaae; hvorfor han ønskede at [illegible] [illegible] kunde [illegible] at [illegible] for mig [illegible] (i Afstand) og [illegible] [illegible] Alt i Ordning [illegible] til Klepp. Mandskab [illegible] [illegible] [illegible] [illegible].

Jeg undertegner mig [illegible] ærbødigst

H C Clausen.

p. t. Reykjavik den 15 Jan 1862.

P. S. De maa endelig skikke [illegible] [illegible] [illegible] [illegible].

Til Hr Kjøbmand Thomsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

St.

Hr Kjøbmand Thomsen

Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eigandinn að laxveiðinni í Elliðaánum, herra kaupmaður H. Th. A. Thomsen, hefir með fógeta-lögbanni 10. f. mán. mein-að þeim herrum John Ritchie & son að hafa lax- eða fisk-lagnir fyrir landi jarðarinnar Klepps, fyrir norðan þau veiði-takmörk (Selgjótánga), sem ráða veiðirétti hans eptir kon-únglegu afsalsbrèfi fyrir veiðinni í Elliðaánum 11. Decbr. 1853, en fiskiveiðiréttinn fyrir Laugarness- og Kleppslandi þar fyrir norðan, höfðum við, sameigendur téðra jarða, leigt þeim herra John Ritchie & son um næstkomandi 3 ár, að þessu meðtöldu. Hefir herra Thomsen að vísu látið þínglýsa þessu forboði og fylgir því fram ~~með~~ til staðfestingar við dóm-stólana, ~~ein~~ að eins móti þeim leiguliðunum John Ritchie & son, en eigi á móti oss, eigendum jarðanna og veiðirétt-arins fyrir landinu, og hefir hann eigi svo mikið sem látið birta oss þetta lögbann löglegri birtíngu; álítum vèr því, að það geti eigi verið bindandi fyrir oss ~~á~~ sjálfa á neinn veg, og lögðum þar laxanet fyrir landi voru, sjálfir á vorn kostnað, og lètum birta herra Thomsen með stefnuvottum, að svo væri. En 15. þ. m. kvaddi hann lögreglustjórann til þess að taka upp eða gjöra upp-tæk þessi laxanet vor, og úrskurðaði pólitírétturinn að svo skyldi vera, þrátt fyrir mótmæli vor, og erum vèr eig-endurnir þannig einnig knúðir til að gánga í málið, er Thomsen hefir höfðað gegn þeim John Ritchie & son ein-um, auk þess ~~sem~~ að oss var þetta nauðugur einn kostur hvort eð var, eptir þaraðlútandi aðvörun (adcitatio)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra Ritchie, þar sem það varðar svo veruleg réttindi eignarjarðar vorrar um aldur og æfi, og það miklu verulegar, heldur en afnotarétt þann, sem þeir John Ritchie & son hafa fengið leigðan af oss að eins um 3 ár.

En af því sameigendurnir ekki geta látið sér lynda, að gánga einfaldlega í málið með þeim Ritchie, sem "intervenientes accessorii", heldur verða líka meðfram að krefjast af Thomsen fullra skaðabóta fyrir allan þann skaða, leigu- og veiði-inmissi, og hnekki og vansa á annan veg, er hann bakar sameigendunum með þessu aðferli sínu, þá leyfum vèr oss að biðja hina háttvirtu sáttanefnd í Reykjavíkur kaupstað að kalla herra kaupmann H. Th. A. Thomsen fyrir sig ásamt undirskrifuðum fyrir hönd allra sameigendanna til þess að leita um sættir með oss í áðurgreindu máli, en komist eigi sættir á, að vísa málinu til landslaga og rèttar.

Reykjavík, 26. Júlí 1862.

Fyrir hönd sjálfs mín og allra annara sameigenda Laugarness- og Klepps, eptir fullmagt.

Jón Guðmundsson.

Til

Sáttanefndarinnar í Reykjavíkurkaupstað.

Rètta afskrift staðfesti eg hèrmeð, og vitna að Sáttanefndin hefir ávísað málinu til fyrirtektar í Reykjavíkur Sáttanefnd fimmta dagana 29. Júlí 1862

1. 5. s. Medd.

Jón Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Havnefjord den 25 Juni 1861.

Hoslagt tillader jeg mig herved at remittere den med behagelig Skrivelse af Dags Dato hertil fulgte Stevning til Ruchia & Søn, forsynet med den begjærede Paategning, idet jeg ikke haaber, at den fastsatte Tid skal komme i Collision med Althinget; i ethvert Tilfælde kommer jeg til Reykjavik imorgen, hvor jeg da vil træffe Hr Melsted, som da godhedsfuldt vil underrette mig om der muligen herfor maatte skee nogen Forandring. Sysselets Segl følger tillige. —

ærbødigst

Clausen.

S.T.

Hr Kjøbmand Thomsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur